

**Nd.**

**556. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 33, 2. nóv. 1914, um breytingu á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Flutningsm: Stefán Stefánsson, Eyf.

Annar málsliður 1. greinar orðist svo:

Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða einhver kaupskapur, eða þilbátaútgerð, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema 8 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarsstaðar. Á hvalveiði, sildveiði með nót, á atvinnu útlendra skipa við verkun á sild á höfnum inni eða í landhelgi, laxveiðiafnot, ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðaafnot af jörð, þótt engin ábúð fylgi og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma. Á kaupfjelög eða pöntunarfjelög, má leggja útsvar, ef þau hafa leyst borgara-brjef og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.